

Fjallabyggð
Gránugata 24
580 Siglufjörður

Reykjavík, 18. apríl 2023

Tilvísun: U22101102 / 05.02 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Efni: Ákvörðun um styrkveitingu úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða / 23 – 0009.

Menningar- og viðskiptaráðherra hefur staðfest tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða um styrkveitingar úr sjóðnum vorið 2023.

Hér með tilkynnist að umsókn yðar hefur verið samþykkt. Um er að ræða styrk að fjárhæð **kr. 2.837.376,- vegna „Gönguleið að Selvíkurvita og rústum Evangers 1. hluti“.**

Styrkurinn er veittur í bætt bílastæði og aðgengi að rústum Evanger, ca 600 m löng leið, einnig nýjar merkingar við rústir Evanger og annarra þekktra fornminja við gönguleiðina.

Styrkþega er skylt að leita fyrirfram samþykkis Ferðamálastofu ef fyrirsjáanlegt er að frávik eða breytingar kunna að verða á verkefninu eða framkvæmd þess. Sé það ekki gert getur það leitt til niðurfellingar styrks. Verði breytingar á högum styrkhafa sem geta haft áhrif á framkvæmd verkefnisins ber styrkhafa að tilkynna það til Ferðamálastofu án tafar.

Styrkþega er óheimilt að framselja styrkinn eða ráðstafa honum til annarra aðila eða til annarra verkefna en þeirra sem styrkveitingin nær til.

Samningur um styrkveitinguna mun berast innan skamms.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu

Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, verkefnastjóri

Helena Þ. Karlsdóttir, forstm. stjórnslu og umhverfissviðs